

Ed.

578. Nefndarálit

[199. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 1 12. jan. 1952, um breyt. á l. nr. 50 7. maí 1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau.

Frá minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Nefndin klofnaði á síðustu stundu og óvænt um þetta mál. Mér og ýmsum öðrum virtist rétt að setja einhver takmörk við því, að hátekjumönnum séu greiddar fjölskyldubætur með 2. og 3. barni, en í frv. eru engar slíkar takmarkanir og ætlað til, að menn með hæstu tekjur hljóti bætur þegar með 2. barni.

Þótti okkur réttara, að því fé, sem sparaðist að frv. breyttu í þá átt, að færri hátekjumenn fengju styrk af almannafé til þess að koma upp 2. barni sínu, yrði varið til þess að bæta nokkuð hlut gamalmenna og öryrkja frá því, sem nú er. Töldum við það meira í anda þess samkomulags, sem varð í lok hinnar miklu vinnudeilu í desember, að létta nokkuð afkomu þeirra, sem við naumust kjör búa, áður en tryggingakerfið yrði teyggt til hinna, sem búa við góð laun eða beinlínis hátekjur, í þeim tilgangi að færa þeim fjárhagsaðstoð til uppeldis barna sinna.

Leit um skeið út fyrir, að nefndin öll, eða a. m. k. meiri hl. hennar, gæti orðið sammála um að flytja brtt. við frv. í þessa átt. En þá komu þeir til skjalanna, sem telja slíka tilfærslu á tekjuauka þeim eða bótum greiddum af almannafé, sem þetta frv. gerir ráð fyrir, frá hinum hálaunuðu eða jafnvel ríku til gamalmenna og snauðra öryrkja ekki í samræmi við samkomulagið í vinnudeilunum í desember.

Hvað sem um það er, hef ég kosið að standa við þann samkomulagsgrundvöll, sem útlit var fyrir, að nefndarmenn gætu mætt á, og er sú brtt., sem ég flyt við frv., mótuð af því.

Alþingi, 21. jan. 1953.

Finnbogi R. Valdimarsson.